



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Skúlagötu 4
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9. nóvember 2020
Tilvísun: 2020110097

Efni:

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um breytingu á lögum nr. 62/2002 um Neytendastofu.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) fékk sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 62/2002 um Neytendastofu. Í greinargerð með frumvarpinu eru raktar fyrirhugaðar breytingar á Neytendastofu og að einhver verkefni stofunnar verði flutt til annarra ríkisstofnanna. Athygli vekur að Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga (HES) er hvergi nefnt þó að mörg lögboðin verkefni HES eru vel til þess fallin að taka yfir sambærileg sem Neytendastofa hefur með að gera í dag og skarast. Á þetta hefur HER bent á í fjölmörgum umsögnum sínum varðandi aðrar lagabreytingar og jafnframt þá stefnu ríkisins að færa verkefni til sveitarfélaga. Meginlöggjöf sem HES framfylgir þ.e. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sem og lög um öryggi matvæla nr. 93/1995 er m.a. ætlað að tryggja neytendaöryggi s.s. með markaðseftirliti með matvælum sem og eftirliti með öryggisþáttum er varða almenning og gæði umhverfis. Fram kemur í greinargerðinni að tilgangur breytinga á lögum nr. 62/2005 sé að leiða til aukinnar hagkvæmni og skilvirkni í eftirliti til hagsbóta fyrir atvinnulíf og neytendur. HER vill í því samhengi benda á hagræði við að flytja verkefni til HES, en nokkur þeirra sem lagt er til að flytja frá Neytendastofu til annarra ríkisstofnanna, væri vert er að skoða hvort væri betur komið hjá HES m.t.t. hagkvæmni og skilvirkni þar sem HES hefur eftirlit með sambærilegum þáttum og oft á tíðum á sömu stöðum.

Hér skal nefnt eftirlit með rafrettum sem í dag er hjá Neytendastofu og gæti farið vel með lögboðnu verkefni HES sem er framfylgd tóbakslöggjafar. Staðir sem selja tóbak og rafrettur eru oftast söluturnar ýmis konar og eru því undir eftirliti og á starfsleyfum frá HES, Dæmi um annað lögboðið eftirlit hjá HES er að tryggja öryggi matvæla í smásölu, merkingum matvæla, en HES framfylgir matvælalöggjöf. HES hefur eftirlit með snyrtivöruframleiðendum sbr. efnalöggjöf, hefur eftirlit með sólbaðsstofnum og heilbrigðissstofnunum sbr. hollustuháttalöggjöf, hefur eftirlit með öryggi leikvalla og leikvallataekja sbr. reglugerð um öryggi leikvallatækja og leikvalla og svo eitthvað sé talið. Á þeim stöðum sem HES fer með útgáfu starfsleyfa og eftirlit er ýmis búnaður sem HES getur haft eftirlit með um leið og almennt hollustuhátt-, mengunar og matvælaeftirlit fer fram. Fleiri dæmi má nefna um attríði sem eru hjá öðrum ríkisstofnunum s.s. eftirlit með lömpum í sólbaðsbekkjum, ýmis lækningatæki og -búnaður sem Landlækniseftirlitið hefur eftirlit með og gæti verið hagkvæmt að framkvæma jafnhliða eftirliti HES. Einnig væri vert að skoða skörum í eftirliti HES og Vinnueftirlits til að ná fram hagræði og bæta neytendavernd með flutningi þeirra til HES

Möguleikar hagræðingu við breytingu á lögum nr. 62/2002 eru því fleiri en lagafrumvarpið



Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

tekur til og er Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur tilbúið að útskýra nánar hvað um er að ræða sé óskað eftir því. Jafnframt áskilur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur sér rétt til að koma með athugsemdir á seinni stigum.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur


Árný Sigurðardóttir
Framkvæmdastjóri

